

# Strætó

Árshlutareikningur 30.júní 2022



Strætó bs.  
kt. 500501-3160  
Hesthás 14  
110 Reykjavík

# Strætó

## Árshlutareikningur 30.júní 2022

### Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó er þjónustufyrirtæki á sviði almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og Pant akstursþjónusta sem er akstursþjónusta fyrir fatlaða og aldraða.

Óendurskoðaður árshlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til júní 2022 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningskilaaðferðum.

Í upphafi árs sem og í árslok voru eigendur byggðasamlagsins sex, þeir eru:

Reykjavíkurborg.....	60,30%
Kópavogsbær.....	14,60%
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%
Garðabær.....	6,24%
Mosfellsbær.....	4,07%
Seltjarnarnesbær.....	2,29%

## Rekstur tímabilsins janúar til júní 2022

Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 599 m.kr. (30.6. 2022: 245 m.kr.), en áætlun gerði ráð fyrir að hún yrði neikvæð um 116 m.kr. Lakari afkoma skýrist einkum af því að sú tekjuaukning sem fjárhagsáætlun tímabilsins gerði ráð fyrir skilaði sér ekki sem rekja má meðal annars til heimsfaraldurs af völdum Covid-19 veirunnar. Fargjöld voru 97 m.kr. undir áætlun og rekstrarkostnaður að undanskildu Pant akstursþjónustu var 325 mkr. umfram áætlun. Niðurskurður sem gert var ráð fyrir í upphafi árs kom ekki til framkvæmda fyrr en í apríl 2022, einnig má rekja aukningu til hækkunnar á aðfangakostnaði og aukinnar yfirvinnu.

Strætó varð fyrir netárás í desember 2021 og febrúar 2022. Sú fyrri þá komust aðilar yfir gögn á netdrifum. Engin gögn glötuðust og varð Strætó ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. Sú síðari í febrúar 2022 þar sem gerð var árás á greiðslukerfi Strætó, en uppsettar netvarnir stóðust þá árás.

Strætó innleiddi nýtt, rafrænt greiðslukerfi í lok árs 2021 sem fengið hefur nafnið "Klappið". Fyrirmynd nýja greiðslukerfisins er þekkt í almenningssamgöngum víða um heim, þar sem kort eða farsími er settur upp við skanna þegar fargjald er greitt í vagninum. Nýja greiðslukerfið mun veita aðgang að almenningsvögnum á höfuðborgarsvæðinu og Borgarlínu, fyrst um sinn.

## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningurinn saminn í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning Strætó fyrir tímabilið janúar til júní 2022 með undirritun sinni

Reykjavík, 15.ágúst 2022

### Stjórn:

Magnús Örn Guðmundsson, stjórnaformaður, Seltjarnarnes  
Alexandra Briem varaformaður, Reykjavík  
Andri Steinn Hilmarsson, Kópavogur  
Kristín Thoroddsen, Hafnarfjarðurbær  
Hrannar Braji Eyjólfsson, Garðabær  
Lovísa Jónsdóttir, Mosfellsbær

### Framkvæmdastjóri:

Jóhannes Svavar Rúnarsson

# Rekstrarreikningur 1.janúar til 30.júní 2022

	Skýr.	Rauntölur		Áætlun
		1.1-30.6 2022	1.1-30.6.2021	1.1-30.6.2022
<b>Rekstrartekjur</b>	3			
Fargjöld .....	15	924.207	828.840	1.021.167
Rekstrarframlög eignaraðila .....		2.081.808	2.029.324	2.081.808
Ríkisframlag .....	28	453.000	453.000	454.750
Pant akstursþjónusta.....	16	713.112	653.343	669.283
Aðrar tekjur .....	17	179.150	145.046	199.353
Rekstrartekjur samtals		<u>4.351.277</u>	<u>4.109.553</u>	<u>4.426.361</u>
<b>Rekstrargjöld</b>	4			
Rekstrarsvið.....	19	3.551.781	3.172.892	3.269.849
Samrekstur.....	20	452.412	374.046	409.251
Pant akstursþjónusta.....	16	713.112	653.343	669.283
Rekstrargjöld samtals		<u>4.717.305</u>	<u>4.200.281</u>	<u>4.348.383</u>
<b>Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir (EBITDA).....</b>		<u>( 366.028)</u>	<u>( 90.728)</u>	<u>77.978</u>
Afskriftir .....	6, 21	152.046	115.784	141.839
<b>Rekstrarniðurstaða (EBIT).....</b>		<u>( 518.074)</u>	<u>( 206.511)</u>	<u>( 63.861)</u>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>	5			
Vaxtatekjur.....		136	176	750
Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur .....		( 80.603)	( 38.690)	( 52.949)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		<u>( 80.467)</u>	<u>( 38.515)</u>	<u>( 52.199)</u>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>		<u><u>( 598.541)</u></u>	<u><u>( 245.026)</u></u>	<u><u>( 116.059)</u></u>

# Efnahagsreikningur 30.júní 2022

Eignir	Skýr.	30.6 2022	31.12 2021
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir fastafjármunir:	6,21		
Strætisvagnar og önnur ökutæki .....		1.334.136	1.430.772
Innréttingar, áhöld og tæki.....		57.249	59.227
Hugbúnaður.....		276.016	292.975
		<u>1.667.401</u>	<u>1.782.973</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	7	628.124	642.065
		<u>628.124</u>	<u>642.065</u>
		<b>2.295.525</b>	<b>2.425.039</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	8,22	117.131	104.174
Skammtímakröfur:	9		
Viðskiptakröfur .....	23	43.896	36.079
Kröfur á tengda aðila.....	29	155.587	136.614
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	7	27.883	27.883
Aðrar skammtímakröfur .....	24	116.490	65.070
Handbært fé.....	11	732.948	465.764
		<u>1.193.935</u>	<u>835.584</u>
		<b>1.193.935</b>	<b>835.584</b>
		<b>3.489.460</b>	<b>3.260.622</b>
		<u><u>3.489.460</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>
		<b>Eignir samtals</b>	<b>Eignir samtals</b>

# Efnahagsreikningur 30.júní 2022

	Skýr.	30.6 2022	31.12 2021
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Framlag eigenda .....		900.012	900.018
Óráðstafað eigið fé .....		( 655.008)	( 56.467)
<b>Eigið fé samtals</b>	26	<u>245.004</u>	<u>843.551</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....		1.655.542	1.255.532
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	10,3	<u>1.655.542</u>	<u>1.255.532</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir.....		674.065	622.340
Næsta árs afborganir langtímalána.....	27	101.278	90.727
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		354.694	0
Aðrar skammtímaskuldir .....	25	458.876	448.472
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>		<u>1.588.913</u>	<u>1.161.539</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>3.244.456</u>	<u>2.417.071</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>3.489.460</u></u>	<u><u>3.260.622</u></u>

# Sjóðstreymisýfirlit 1.janúar til 30.júní 2022

		Skýr. 1.1.-30.6 2022	1.1-30.6 2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarniðurstaða .....		( 598.541)	( 245.026)
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir.....	21	152.046	115.784
Verðbætur og gengismunur.....	5	53.534	25.373
		<u>( 392.961)</u>	<u>( 103.869)</u>
<b>Veltufé (til) reksturs</b>			
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Birgðir, (hækkun) lækkun.....		( 12.957)	( 2.895)
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun .....		( 78.210)	( 53.483)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....		416.822	179.280
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lífeyrissjóðs, breyting.....		13.941	13.941
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum		<u>339.597</u>	<u>136.844</u>
		<u>( 53.364)</u>	<u>32.975</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	21	( 36.473)	( 52.197)
		<u>( 36.473)</u>	<u>( 52.197)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Afborganir langtímalána.....	27	( 42.979)	( 19.421)
Tekin ný langtímalán.....	27	400.000	0
		<u>357.021</u>	<u>( 19.421)</u>
(Lækkun) hækkun á handbæru fé		267.184	( 38.644)
Handbært fé í ársbyrjun .....		<u>465.764</u>	<u>376.515</u>
Handbært fé í lok árs.....		<u>732.948</u>	<u>337.872</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Ársreikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn er gerðir eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Reikningsskilaaðferðir

## 3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

## 4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 5. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímabils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

Strætisvagnar og önnur ökutæki .....	10-13 ár
Innréttingar, áhöld og tæki .....	3-10 ár
Hugbúnaður .....	5 ár

## 7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs vð Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærast á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærast á 20 árum frá 1.janúar 2019 að telja.

## 8. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

## 9. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru metnar á nafnverði og hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.



# Skýringar með ársreikningi

## 10. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 11. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

## 12. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 13. Sjóðsteymisfirlit

Í fjárfestingarhreyfingum í sjóðsteymisfirliti er færð sú fjárfesting, sem hefur áhrif á handbært fé.

## 14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

## 15. Fargjöld

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Fargjöld greitt af farpegum .....	689.245	614.756
Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja .....	44.962	64.084
Niðurgreiðsla nemakorta .....	190.000	150.000
	<u>924.207</u>	<u>828.840</u>

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

## 16. Pant akstursþjónusta

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Tekjur		
Framlag sveitarfélaga .....	664.247	608.039
Fargjöld notenda .....	48.865	45.304
	<u>713.112</u>	<u>653.343</u>
Gjöld		
Aðkeyptur akstur .....	711.791	652.228
Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri .....	1.321	1.115
	<u>713.112</u>	<u>653.343</u>

Verktakar annast allan akstur akstursþjónustu fatlaðs fólks. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

## 17. Aðrar tekjur

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Þóknun - akstursþjónusta fatlaðs fólks .....	91.277	84.770
Þóknun - landsbyggðin .....	50.638	50.278
Aðrar tekjur .....	37.235	9.997
	<u>179.150</u>	<u>145.046</u>

## 18. Laun og launatengd gjöld

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Laun .....	1.251.997	1.103.461
Launatengd gjöld .....	292.777	255.673
	<u>1.544.773</u>	<u>1.359.134</u>

## Skýringar með ársreikningi

### 19. Rekstrarsvið

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Laun og launatengd gjöld .....	1.273.063	1.114.023
Aðkeyptur akstur .....	1.754.029	1.597.897
Annar rekstrarkostnaður .....	461.114	395.082
Húsnæðiskostnaður .....	63.575	65.890
	<u>3.551.781</u>	<u>3.172.892</u>

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

### 20. Samrekstur

	1.1-30.6 2022	1.1-30.6 2021
Laun og launatengd gjöld .....	271.711	243.995
Annar rekstrarkostnaður .....	180.701	130.051
	<u>452.412</u>	<u>374.046</u>

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

### 21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Strætisvagnar og önnur ökutæki	Innréttingar, áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2022 .....	3.686.887	381.075	394.502	4.462.464
Afskrifað áður .....	( 2.256.115)	( 321.848)	( 101.528)	( 2.679.491)
Bókfært verð 1.1 2022 .....	1.430.772	59.227	292.975	1.782.973
Viðbót .....	8.500	13.702	14.271	36.473
Afskrift .....	( 105.136)	( 15.680)	( 31.230)	( 152.046)
Bókfært verð 30.6 2022 .....	1.334.136	57.249	276.016	1.667.401
Afskriftahlutföll .....	8-13%	10-33%	20%	

### 22. Birgðir

	30.6 2022	31.12 21
Olía .....	12.921	11.475
Varahlutir .....	109.210	97.699
Niðurfærsla birgða .....	( 5.000)	( 5.000)
	<u>117.131</u>	<u>104.174</u>

### 23. Viðskiptakröfur

	30.6 2022	31.12 21
Viðskiptamenn .....	17.311	12.533
Viðskiptamenn - akstursþjónusta fatlaðs fólks .....	23.358	23.103
Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur .....	5.326	2.543
Varúðarfærsla viðskiptakrafna .....	( 2.100)	( 2.100)
	<u>43.896</u>	<u>36.079</u>

## Skýringar með ársreikningi

### 24. Aðrar skammtímakröfur

	30.6 2022	31.12 21
Fyrirframgreiddur kostnaður og fjárfestingar .....	112.890	56.295
Endurgreiðsla virðisaukaskatts .....	3.600	8.776
	<u>116.490</u>	<u>65.070</u>

### 25. Aðrar skammtímaskuldir

	30.6 2022	31.12 21
Áunnið ógreitt orlof .....	211.504	211.776
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	161.208	157.415
Aðrar skammtímaskuldir .....	86.164	79.281
	<u>458.876</u>	<u>448.472</u>

### 26. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:	Eiginfjárframlag rekstraraðila	Óráðstafað eigið fé	Samtals	
Eigið fé 1.1.2021 .....	900.018	( 56.467)	843.551	
Rekstrarniðurstaða ársins .....		( 598.541)	( 598.541)	
Staða 30.6 2022 .....	900.018	( 655.008)	245.010	
	Eignarhlutur			
Garðabær .....	6,24%	56.161	( 40.872)	15.289
Hafnarfjarðarbær.....	12,50%	112.502	( 81.876)	30.626
Kópavogsbær.....	14,60%	131.403	( 95.631)	35.771
Mosfellsbær .....	4,07%	36.631	( 26.659)	9.972
Reykjavíkurborg.....	60,30%	542.711	( 394.970)	147.741
Seltjarnarnesbær.....	2,29%	20.610	( 15.000)	5.611
	100,00%	900.018	( 655.008)	245.010

### 27. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:

	Verðtryggt	Óverðtryggt	Samtals
Staða í byrjun árs .....	1.046.259	300.000	1.346.259
Viðbót tímils .....		400.000	400.000
Afborgun ársins .....	( 20.899)	( 22.079)	( 42.979)
Verðbætur og afföll ársins .....	53.541		53.541
	1.078.900	677.921	1.756.821
Næsta árs afbrogun .....	( 43.778)	( 57.501)	( 101.278)
	<u>1.035.123</u>	<u>620.420</u>	<u>1.655.542</u>

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

Tímabilið 1.7 2022-30.6 2023 .....	101.278
Tímabilið 1.7 2023-30.6 2024 .....	101.769
Tímabilið 1.7 2024-30.6 2025 .....	102.272
Tímabilið 1.7 2025-30.6 2026 .....	102.788
Síðar .....	1.348.713
	<u>1.756.821</u>

# Skýringar með ársreikningi

## 28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2034.

## 29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögðmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur. Ekk hefur verið gert ráð fyrir því í þessu uppgjöri.